

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um málefni lesblindra.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra skipaði í nóvember 2006 til að setja fram tillögur um fyrirkomulag greiningar á lestrarerfiðleikum og eftirfylgni til hagsbóta fyrir nemendur með lestrarerfiðleika í grunn- og framhaldsskólum og hvers væntir ráðherra af störfum nefndarinnar?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að lesblindir nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi kost á lesblinduleiðréttingu sér og foreldrum sínum að kostnaðarlausu?